

Nefndinni hefur borist fyrirspurn um greiðslur úr Jöfnunarsjóði, hvort eigi að færa einhvern hluta þeirra sem endurgreiðslu á gjöldum, til að mynda þegar Jöfnunarsjóður greiðir til sveitarfélaga vegna viðbótarálagningar tryggingagjalds.

Í 11. gr. laga um bókhald nr. 145/1994 með síðari breytingum kemur fram, að jafnaði skuli haga reikningaskipan í bókhaldinu þannig að færðir séu hreinir eigna- og skulda-, gjalda- og teknareikningar.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í sveitarstjórnarlögum, [nr. 45/1998](#), og reglugerðum, sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, gilda ákvæði laga um bókhald, [nr. 145/1994](#), laga um ársreikninga, [nr. 144/1994](#), og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur hjá sveitarfélögum. Í einstaka tilvikum er vikið frá almennum reikningsskilavenjum í reikningsskilum sveitarfélaga þar sem það er talið gefa gleggri mynd af afkomu sveitarsjóðs.

Eftirfarandi kemur fram í handbók um bókhald sveitarfélaga og sjá má á heimasíðu ráðuneytisins (<http://www.samgonguraduneyti.is/malaflokkar/sveitastjornarmal/fjarmal/eftirlitsnefnd/handbok//nr/1669>):

0 Tekjur

Á tegundagreininguna færast allar tekjur sveitarfélagsins og lágmarkskrafa um greiningu á undirtegundir er eftirfarandi:

- 00 Skatttekjur
- 01 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
- 02 Þjónustutekjur
- 03 Arður af eignum
- 05 Tekjur með skattaígildi
- 07 Vörur og þjónusta til eigin nota (milliviðskipti rekstrareininga)
- 08 Endurgreiðslur og tilfærslur
- 081 Endurgreiðslur annarra sveitarfélaga
- 082 Endurgreiðslur og tilfærslur ríkissjóðs
- 089 Aðrar endurgreiðslur
- 09 Aðrar tekjur

Niðurstaða er því sú að færa beri allar endurgreiðslur Jöfnunarsjóðs sem tekjur.